



**33. Miðstjórnarfundur RSÍ
haldinn föstudaginn 27. september 2002**

- 1. Kynnt fundargerð.**
- 2. Skipulag á skrifstofu, kynning á verkaskiptingu.**

Kynnt var skipulag og verkefnaskipting á skrifstofu RSÍ. Farið yfir öryggismál varðandi tölvukerfi.
- 3. Skólamálin. Framtíð Rafiðnaðarskólans.**

Undirbúningsnefnd fyrir menntasjóð hefur hafið störf og er að vænta fljótlega tillögu að reglugerð sem og áætlunar og samninga um endurgreiðslu lána til RSÍ.
Endurskoðun í skólakerfinu er langt kominn. Fara þarf yfir starfsmenntastarf og ákveða stefnu til framtíðar.
- 4. Mötuneyti. Breyting á rekstrafyrirkomulagi.**

Íslandspóstur hefur ákveðið taka húsnæðið og tæki á leigu. Starfsmenn að Stórhöfða 31 munu fá aðstöðu og í kaffistofunni á annari hæð. Þangað verði ráðinn starfsmaður sem sjái um kaffistofuna sem og þrif í húsinu.
- 5. Trúnaðarmannaráðstefnan, dagskrá.**

Lögð fram tillaga að dagskrá fyrir Trúnaðarmannaráðstefnuna 25. október.
- 6. Kosning fulltrúa á ársfund ASÍ.**

Mínt var á að félag þurfa að velja fulltrúa sína á ársfund ASÍ, beint til félaganna.
- 7. Stóra húsið við Apavatn, endurbætur.**

Samþykkt að fresta framkvæmdum við endurbætur á stóra húsinu við Apavatn um eitt ár.
- 8. Deila við Orkuveituna og Landsvirkjun.**

Samningar hafa náðst í báðum þessum deilum.
- 9. Endurnýjun félagsskírteina**

Ákveðið var að gefa út ný félagsskírteini og senda þau út með bókinni um áramót.
- 10. Styrkbeiðni frá Bókagerðamönnum vegna Dalbúa**

Samþykkt að taka þátt í gerð palls fyrir framan klúbbhús.
- 11. Önnur mál**

Fyrirspurn vegna minnisvarða við Mývatn vegna slyss, gert er ráð fyrir því að afhjúpun verði fljótlega.
Spurt fyrir um stöðu samræmingaviðræðna ASÍ og ríkisins.
Lítið hefur miðað. RSÍ hefur lagt á um að ljúka þessu núna þar sem í kjarasamningaviðræðum yrði þetta mælt inn í heildarkostnað samningsins og kæmi til frádrattar á launahækkun.
Sagt var frá því að samningum við Landssímann vegna styrktarsjóðs FÍS væri að ljúka.

Haukur Ágústsson.